

Mál nr. 3/2009

Keflavík gegn ÍR

Kæra Keflavíkur

Dómkröfur

Leikur dæmdur tapaður

Málavextir

Leikmaður var ekki á leikskýrslu.

Röksemdir

Leikmaður er sýnilega ekki löglegur þar sem hann er ekki á leikskýrslu.

Sönnunargögn

Leikskýrsla og ljósmyndir liggja fyrir og viðurkenning frá knattspyrnudeild ÍR

Vitni

Nafn: Elvar Grétarsson

Nafn: Elis Kristjánsson

Virðingarfullt;

Andrés Hjaltason og

Þorsteinn Magnússon

Greinargerð ÍR

Með bréfi dags. 3.júní lagði knattspyrnudeild Keflavíkur inn til KSÍ kæru á hendur knattspyrnudeild ÍR.

Kæran varðar liðsskipan ÍR samkvæmt leikskýrslu í leik ÍR og ÍBK í Pepsi deild kvenna þann 30. maí sl. Er því haldið fram af ÍBK að ÍR hafi notast við ólöglegan leikmann og því til stuðnings vísað í afrit af leikskýrslu sem var ranglega útfyllt og dregin var til baka þegar mistökin uppgjötvaðust. Leiknum lauk með sigri ÍR.

Atvikalýsing.

- 1) Fyllt er út leikskýrsla (leikskýrsla A) tímanlega fyrir leik og prentuð út úr gagnagrunni KSÍ en áður en hún er afhent er ákveðið að breyta henni þar sem merkt var við rangan aðila sem fyrirliða og bæta þurfti við liðstjórn aðila sem hafði boðað okkur fjarveru. Þessa skýrslu eigum við útprentun af og er hún í samræmi við leikmannaskipán ÍR í leiknum. Þessi skýrsla var að öllu leyti rétt fyrir utan „hakið“ við fyrirliðann.
- 2) Önnur skýrsla fyllt út (leikskýrsla B) og þá gerist það að hakað er við rangan leikmann Ana Rita Andrade Gomes (28) sem er löglegur leikmaður með ÍR í stað Ana Rita Moreira Carneiro (25) sem einnig er löglegur leikmaður með ÍR.
- 3) Skýrsla B undirrituð og komið á dómara.
- 4) Mistökin uppgvötast og er þá í samráði við eftirlitsmann KSÍ farið í að leiðrétta leikskýrsluna og fyllt út ný skýrsla. Ný og rétt leikskýrsla undirrituð (skýrsla C)

og komið til dómara leiksins. Þeirri skýrslu er skilað inn til KSÍ auk skýrslu B (röng skýrsla) sem væntanlega er ljósrit frá eftirlitsaðila en frumritið höfum við.

Kröfugerð og mótmæli við kæru

Aðalkrafa

Krafist er frávísunar á kæru ÍBK vegna formgalla með vísan til 2. mgr. 7. gr. rlg. KSÍ um aga og úrskurðarmál, frá maí 2009. Kæran uppfyllir ekki þau formskilyrði sem þar eru sett og er nánar vísað í gr. 7.2.6, sbr. hér fyrir neðan. Gera verður þá kröfu til kæranda að lagarök séu skýr og skilmerkilega sett fram í kæru. Um mikilvægt atriði er að ræða í málatilbúningi og annmarki veldur frávísun.

7.2. Kæra til nefndarinnar skal vera skrifleg, undirrituð af aðila máls eða umboðsmanni hans, berast nefndinni ásamt fylgigögnum í 4 eintökum og fullnægja eftirfarandi skilyrðum:

7.2.1. Nafn kæranda, kennitala, heimilisfang, símanúmer, faxnúmer og netfang.

7.2.2. Nafn kærða, kennitala, heimilisfang, símanúmer, faxnúmer og netfang.

7.2.3. Nafn fyrirsvarsmanns kæranda og kærða ásamt ofangreindum upplýsingum.

7.2.4. Skýr kröfugerð.

7.2.5. Lýsing helstu málavaxta.

7.2.6. Tilvísun til þeirra laga og reglugerða, sem byggð er á í málinu.

7.2.7. Lýsing á helstu röksemdum.

7.2.8. Lýsing á helstu gögnum er fylgja kæru.

7.2.9. Upptalning á vitnum, sem kærandi óskar að kalla til skýrslutöku.

Varakrafa

Verði aðalkrafa um frávísun eigi tekin til greina krefst ÍR að kæran verði felld niður í máli þessu með eftirfarandi rökum:

Efni kærunnar er mótmælt sem röngu og tilhæfulausu. Kæran er hvorki á rökum eða sönnunargögnum reist.

Verið er að leggja fram kæru á knattspyrnudeild ÍR með afrit af leikskýrslu B sem aðalsönnunargagn í málinu. Leikskýrslu B sem í ljós kom að var ranglega útfyllt, hún dregin til baka, og önnur leiðrétt skýrsla lögð fram og samþykkt af dómara. Er eins og annarleg sjónarmið liggja fyrir við svona kæru en ekki sannur íþróttandi sem einkenna á knattspyrnuhreyfinguna á Íslandi.

Í kæru er því haldið fram að einn af leikmönnum ÍR hafi ekki verið á leikskýrslunni. Ekki er tekið fram við hvaða leikmann er átt eða í hvaða leik. Þá er kæran ekki studd lagarökum eins og kveðið er á í fyrrnefndri reglugerð KSÍ.

Fullyrðingin um að vantað hafi leikmann inná leikskýrsluna er röng. Á leikskýrslu, undirritaðri af fyrirlíða og forráðamanni ÍR, sem dómara leiksins fengu og væntanlega hafa skilað af sér til KSÍ eru allir leikmenn ÍR sem spiluðu leikinn ÍR – Keflavík þann 30 maí sl. á skýrslu.

Sem sönnunargögn leggur kærandi fram:

- 1) Leikskýrsla B (ranglega útfyllt fyrir mistök) sem er ómarktækt plagg og í raun óskiljanlegt hvar kærandi komst yfir það.
- 2) Ljósmynd af leikmanni ÍR í dauðfæri (allir leikmenn ÍR á leikskýrslu).
- 3) „Viðurkenningu“ frá knattspyrnudeild ÍR.

Umrædd sönnunargögn eiga að færa fyrir því sönnur að ákveðinn leikmaður hafi spilað leikinn, en hann hafi ekki verið á leikskýrslu. Málið snýst hins vegar um að lögð er fram röng leiksskýrsla sem sönnunargagn í þessu máli. Leikskýrsla sem ekki var notast við.

Það kemur fram í atvikalýsingu hér í svarinu að ÍR varð á mistök við að leiðrétta leikskýrsluna í upphafi, þ.e. þegar hakað var við rangan liðsmann sem fyrirliða. Mistök sem voru leiðrétt samstundis og á þau bent af eftirlitsmanni KSÍ (Þórarinn Dúi Gunnarsson) leiksins og þá í samráði við hann. Hér er ekki um ásetning að ræða heldur innsláttarvillu að hálfu undirritaðs. Hér var verið að vinna með nýja aðferð við að fylla út leikskýrslurnar og ósanngjarnt að ætlast til að viðlíka breytingar fari fram án þess að einhver mistök eigi sér stað og slæmt ef knattspyrnuleikir fari að snúast um hversu vel og hratt sjálfboðaliðum félaganna takist til við að tileinka sér nýjungarnar.

Það skal tekið fram að ávinningur ÍR á því að skrá leikmann nr. 28 í stað nr. 25 í þessum leik við Keflavík var og er enginn.

Sú skýrsla sem átti að gilda var undirrituð og afhent dómara leiksins og þaðan á KSÍ.

Með vísan í ofanritað er farið fram á að kæran verði felld niður.

Virðingarfyllt,

f.h. knattspyrnudeildar ÍR
Bjarni Bentsson form mfl. ráðs kvk

Úrskurður frá Aga- og úrskurðarnefnd KSÍ

Ár 2009, þriðjudaginn 30. júní, er fundur haldinn í aga- og úrskurðarnefnd KSÍ á skrifstofu Knattspyrnusambands Íslands í Laugardal, Reykjavík, af nefndarmönnum og Sigurði I. Halldórssyni, Presti Ríkarðssyni og Helga R. Magnússyni.

Fyrir er tekið málið nr. 3/2009:
Knattspyrnudeild Keflavíkur
gegn
Knattspyrnudeild ÍR.

Gögn málsins merkt nr. 1-6 liggja frammi. Er nú í nefndinni kveðinn upp svofelldur

ÚRSKURÐUR:

I.

Kærandi:

Knattspyrnudeild Keflavíkur, kt. 541094-3269.
Skólavegi 32,
230 Keflavík.
Fyrirsvarsmaður: Andrés Hjaltason.

Kærði:

Knattspyrnudeild ÍR, kt. 560284-0399.
Skógarseli 12,
109 Reykjavík.
Fyrirsvarsmaður: Bjarni Bentsson

Mál þetta er mótttekið af skrifstofu KSÍ 2. júní sl. Ákveðin var að gefa kærða frest til að skila greinargerð til 10. júní sl. Greinargerð kærða er dagsett 10. júní sl.

Kröfur:

Kærandi krefst þess að Knattspyrnufélagi Keflavíkur verði dæmdur 3-0 sigur í leik liðanna í Íslandsmóti kvenna meistaraflokki, Pepsi deild sem fram fór þann 29. maí sl..

Kærði krefst þess *aðallega* að kæru Knattspyrnufélags Keflavíkur verði vísað frá en *til vara* er krafist sýknu og að úrslit leiksins skuli standa óbreytt þ.e 2-1 ÍR í vil.

II.**Frávísun:**

Aðalkrafa kærða er sú að málinu verði vísað frá þar sem það sé algjörlega vanreifað og kæran sé óskiljanleg og svo óskýr að erfitt sé fyrir kærða að átta sig á því hver hin meinta brotlega háttsemi sé og því erfitt að halda uppi vörnum. Vitnar kærði í því sambandi til ákvæða 7.2.6 í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál.

Tekið er undir með kærða að kæran er nokkuð illa fram sett og mætti vera skýrari en það er mat nefndarinnar að vankantarnir séu ekki það miklir að það varði frávísun. Er því aðalkröfu kærða um frávísun hafnað.

III.**Málsatvik og ágreiningsefni:**

Málavextir eru þeir að fyrir leik liðanna sem fram fór á ÍR velli þann 29 maí sl. í Íslandsmóti kvenna meistaraflokki, Pepsi deild skráði forsvarsmaður kærða leikskýrslu, sem skilað var til dómara leiksins. Í hálfleik hafði uppgötvast að um mistök hafði verið að ræða eins og nánar greinir í skýrslu eftirlitsmanns KSÍ en þar segir: “*Leikskýrsla sem afhent var dómurum í byrjun leiks var röng. Á henni var leikmaður nr 28 í byrjunarliði. Inni á vellinum var hins*

vegar leikmaður nr. 25 sem ekki var á skýrslu. Farið var fram á að þetta yrði leiðrétt í hálfleik. Sá sem gekk frá skýrslu gerði mistök en leikmennirnir báðir heita sama nafni.”
Leikskýrslan var leiðrétt og leiðréttari skýrslu var komið til dómara leiksins í hálfleik.
Að leik loknum var leiðrétt skýrsla send til KSÍ:

IV..

Niðurstaða:

Í máli þessu liggur fyrir að mistök áttu sér stað af hálfu forsvarsmanns kærða við skráningu leikskýrslu fyrir leik liðanna sem fram fór á ÍR velli þann 29 maí sl. í Íslandsmóti kvenna meistaraflokki, Pepsi deild. Það uppgötvaðist í fyrri hálfleik að leikmaður nr. 28 var skráður til leiks en lék ekki hinn umrædda leik. Hins vegar var leikmaður nr. 25, sem lék leikinn ekki skráð í upphafi leiks.

Þessi mistök voru leiðrétt í hálfleik og var réttari skýrslu þá komið til dómara leiksins.

Það er mat nefndarinnar að í þessu tilviki hafi verið um að ræða mistök við skráningu leikskýrslu af hálfu forsvarsmanns kærða, sem ekki höfðu nein áhrif á gang leiksins að öðru leyti. Mistökin voru sannanlega leiðrétt á hálfleik.

Með vísan til framanritaðs eru ekki forsendur til þess að fallast á kröfu kæranda um að dæma leikinn tapaðan fyrir kærða, ÍR.

V..

Úrskurðarorð:

Úrslit í leik ÍR og Keflavíkur í Íslandsmóti kvenna meistaraflokki, Pepsi deild sem fram fór þann 29. maí sl., skulu standa óbreytt þ.e. 2-1 ÍR í vil.

Sigurður I. Halldórsson

Pröstur Rikharðsson

Helgi R. Magnússon

Um Áfrýjun:

Samkvæmt grein 14.3. í reglugerð KSÍ um aga-og úrskurðarmál er frestur til að áfrýja máli til áfrýjunardómstóls KSÍ 5 dagar frá því að úrskurður aga- og úrskurðarnefndar er kveðinn upp og skulu almennir frídagar ekki taldir með.